



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Kristjáns Eldjárns  
1. janúar 1980

Góðan dag, góðir áheyrendur.

Ég óska yður öllum gleðilegs nýárs og læt þá ósk og von í ljós, að þetta nýbyrjaða ár megi verða þjóð vorri farsælt og bera með nokkrum hætti eitthvað gott í skauti sínu oss öllum til handa. Fullvel veit ég að þessi dagur sækir misjafnlega að eins og aðrir, skuggi sorgar og þrenginga hvílir yfir mörgu húsi nú eins og endranær. Stundum finnst manni að hefðbundin nýjárskveðja geti hljómað hjáróma þar sem þannig stendur á. Þess vildi ég óska að nýjárstagurinn mætti verða sem flestum vonardagur, og þó einkum þeim sem mest þurfa á uppörvun að halda, þeim sem í nauðum eru staddir, í sorgarhúsi, á sjúkraðeði, í fangavist eða sálarkróm. Sagt er að tíminn lækni öll sár. Ekki gerir hann það til fullnustu, en þó er gott að festa sér í hug þá reynslu sem er jafngömul mannkyninu, að græðimáttur tímans er mikill, einkum ef vér vitandi vits leyfum trú og von að koma til liðs við hann. Sólin er enn einu sinni farin að hækka á lofti.

Mörgum verður það á nýjárstegi að líta um öxl og renna augum yfir farinn veg, árið sem leið. Hvers er að minnast, spyrja menn, og hver svarar fyrir sig, ýmist í leyndum hugans eða í heyranda hljóði í hópi fjölskyldu og vina. Fyrir mitt leyti vil ég fyrst og fremst minnast vinsemdar og trausts sem landsmenn hafa enn sem fyrir sýnt konu minni og mér, og fyrir það þakka ég nú, þegar ég flyt hér ávarpsorð til þjóðarinnar á tólfta nýjársteginum í röð. Þakklátum huga minnst ég einnig gestrisni og hlýhugar sem við sannreyndum á liðna árinu í þremur þjóðlöndum öðrum sem fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Það hefur verið yfirlagt ráð okkar að stilla opinberum og hálfopinberum utanlandsferðum í hóf, þótt kostur hafi verið á fleiri en farnar hafa verið. En svo vildi til að á árinu sem leið fórum við þrjár slíkar ferðir. Fyrst til eyjarinnar Manar til þess að taka þátt í hátíðahöldum eyjarskeggja vegna þúsund ára minningar um stofnun þingsins þar, sem þeir kalla Tynwald, en það er sama og Þingvöllur á voru máli. Því næst fórum við í opinbera heimsókn til Belgíu í boði konungshjónanna þar og loks til Noregs í boði háskólans í Osló og Norska Vísindafélagsins vegna minningarhátíðar um Snorra Sturlusonar. Vera má að þessi upptalning þyki óþarfur fréttalestur, en ég vil ekki láta fram hjá mér fara það tækifæri sem ég hef hér til að skýra frá þeirri miklu vinsemd í garð Íslands sem við hittum hvarvetna fyrir, og lifandi áhuga á högum vorum. Spyrja má að hvaða gagni slíkar opinberar heimsóknir séu, og raunar hef ég oft spurt sjálfan mig að því. Ég held þó, að ef vér sækjumst í alvöru eftir vináttu og skilningi annarra þjóða, þá séu þær gott framlag til þess málefnis, góð landkynning á sinn hátt. Til góðs vinar liggja gagnvegir, segir í fornum spekimálum, og ef til vill eru þessi gömlu orð

einmitt rétta svarið við þeirri spurningu sem ég hreyfði, hvaða gagn væri að þjóðhöfðingjaheimsóknum landa í milli.

Vér höfum á nýliðnu ári minnst tveggja mikilmenna sögu vorrar. Vér höfum rakið fyrir oss líf og starf Snorra Sturlusonar, af því að nú eru liðnar átta aldir síðan hann fæddist. Slíkt var vel við hæfi, því í bókum Snorra reis íslensk miðaldamenning hæst, sú sem enn er þjóðarstolt vort og hefur borið hróður landsins víða, og í ævisögu og örlögum Snorra speglast saga þjóðarinnar á afdrifaríkum tímum, og má enn draga lærdóma af þeim umbrotum. Þó að Snorri sé einn af aðalpersónum Sturlungu og margt sé eftir honum haft, er víst fátt eða ekkert gripið beint af vörum hans annað en tvisvar sinnum þrjú orð, en þau eru líka gulls ígildi og merkilega lík því að þau væru meitluð kjörorð. Út vil ek, sagði Snorri þegar konungur bannaði honum för til Íslands. Hví skyldum vér ekki víkka merkingu þeirra orða: Ég vil heim til Íslands, hvað sem það kostar, og láta vera einkunnarorð í skildi Íslendinga. Eigi skal höggva, sagði Snorri, og í þau orð getum vér lagt íslenska fordæmingu á athæfi þeirra manna sem með sverði vega og gera sig að svo miklum herrum að taka líf annarra að geðþótta sínum. Þær fréttir berast nú dögum oftar úr sumum heimshlutum að menn séu gripnir og leiddir fyrir aftökusveitir eða lagðir að velli á annan hátt eins og búfenaður, fyrir engar eða ósannaðar sakir. Það er sárgrætilegt að þurfa að minnast þess við þessi áramót að virðingarleysi fyrir mannlífum og mannréttindum færist enn í aukana í heiminum ef nokkuð er. Litlu fáum vér orkað gegn þeim ósköpum annað en lýsa samstöðu vorri með þeim sem gegn slíku vinna, leggja lóð vort á vogarskálina þegar færi gefst, og stæla viljann til þátttöku undir kjarnyrði Snorra: Eigi skal höggva.

Og vér höfum nýlega minnst Jóns Sigurðssonar forseta, þegar öld var liðin frá dánardægri hans, og minnumst vér hans að vísu ár hvert, því að hann er frelsishetjan, sem varði lífi sínu öllu til að kanna sögu vora og endurheimta landsréttindi vor, þau sem kynslóð Snorra Sturlusonar átti sinn drjúga hlut í að rann úr höndum þjóðarinnar. Kjörorð Jóns Sigurðssonar var Eigi víkja, og getur þýtt margt, meðal annars að aldrei megi láta undan síga í sókn þjóðarinnar að markmiðum frelsis og menningar í þessu landi, á hvaða vettvangi sem er. Það merkir einnig að ekki skuli æðrast og þaðan af síður örvænta, þó að eitthvað gefi á bátinn. Það er vissulega ekki vanþörf á að brýna þetta fyrir sér, nú þegar umræða um efnahagsmál og baráttan fyrir að halda í horfi því hagsældarþjóðfélagi, sem vér viljum hafa, skyggja svo að ekki verður um villst, á þau markmið sem í raun og veru eru öllum æðri. Það væri barnaskapur að fara hrakyrðum um þjóðmálabaráttuna frá degi til dags og þá sem í henni standa, því að hún er hluti af lífinu sjálfu og snýst um grundvallarskilyrðin fyrir því að þjóðin fái búið í landi sínu. En það væri hörmulegt upp á að horfa, ef svo ætti að fara að vandamál og sundurþykkja stigmagni hvort annað með sífelldri víxlverkan, uns allt lendir í úrræðaleysi. Samstaða í erfiðleikum verður að nást með skynsemi og góðum vilja, til þess að treysta þann grundvöll sem allt hvílir á. Þetta er óumflýjanlegt frumatriði, en í hita dagsins og vanda starfsins má þó aldrei gleymast, að þótt nauðsynlegt sé, er það ekki einhlítt eða endanlegt markmið, heldur frelsi og menning þjóðarinnar, fagurt mannlíf í landinu. Lífið má aldrei verða brauðstritið eintómt og orðaskak um það, og landið er ekki eingöngu auðsuppspretta til þess að fæða og klæða þjóðina svo sem best má verða. Það er einnig ættjörð, móðurmold, föðurland, það eina sem vér munum nokkru sinni eignast. Landið og erfðirnar hafa mótað oss og eru samgrónar tilfinningalífi voru og eiga að vera það. Og þjóðfélagið sem vér höfum komið upp, er ekki sambærilegt við fyrirtæki, vel eða illa rekið eftir

atvikum. Það er samfélag um íslenska menningu, gamlan arf og nýja sköpun, ætlunarverk íslensku þjóðarinnar. Þetta má aldrei úr minni líða, hvort sem árar betur eða verr á sviði hinna daglegu veraldlegu þarfa.

Sameinuðu þjóðirnar hafa þann hátt á, að helga tiltekin ár sérstökum brýnum verkefnum. Þetta hefur gefist vel og leyst úr læðingi öfl sem að vísu voru til en hætti til að blunda og þurftu þess með að við þeim væri ýtt. Síðast var það alþjóðaár barnsins, barnaárið. Nú hafa norrænu félögin ákveðið að kalla þetta ár norræna málaárið, og íslenskir menn hafa útnefnt það ár trésins. Hvort tveggja málefnið er gott, og þarf hvorugt að skyggja á hitt. Norræna málaárið á að styrkja samheldni og einingu norrænu þjóðanna með því að beina athygli að málum Norðurlandþjóða, hvernig þau sameina og að hverju leyti þau sundurskilja þessar þjóðir sem vilja og eiga að standa saman.

Í þessu efni má áreiðanlega nokkru góðu til leiðar koma. Ár trésins er á sinn hátt barnaár, því að íslensk tré mega heita börn að aldri og vexti. Árið á að vera brýning um að koma þessum börnum til meiri þroska, vera enn eitt átak í þeirri viðleitni að láta gróðurinn sækja á auðnina. Þetta er gamall óskadraumur og framtíðarnauðsyn. Af samanlögðum barnalærdómi loðir held ég einna fastast í minni sú setning að í fornöld væri landið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Það gerir óskin og draumurinn um íslenskan skóg. Vér vitum nú að sá draumur getur ræst.

Ekki þarf að efa að allir séu sammála um að gróðurvernd hvers konar sé landnámsmál, framtak til að gera landið fegurra og betra. Og er þá komið að sígildu íslensku umhugsunarefni, en það er landið sjálft sem vér byggjum, kostir þess og ókostir, hvernig það sé sem lífvænlegur mannaþustaður. Þegar raunsætt er á allt lítið, hvernig það standi undir þeim kröfum sem til þess verður að gera, miðað við það líf sem vér viljum lifa og verðum að lifa. Ef til vill eru slíkar hugsanir óvenju áleitnar einmitt nú, þegar brugðið hefur til kaldari veðráttu en verið hefur um langt skeið og þau tíðindi berast að síðastliðið ár hafi verið eitt hið jafnkaldasta sem um getur síðan mælingar á slíku hófust. Og ekki brást það að sá kuldi sagði illilega til sín á því ári og kann þó að draga lengri slóða. Vér höfum verið á það minnt hvar vér erum á hnettinum. Það gerði einnig sá góði maður sem fyrir allmörgum árum laumaði því að þjóðinni að Ísland væri á mörkum hins byggilega heims. Hversu oft skyldu menn hafa borið sér þetta spakmæli í munn síðan? Og þó var það engin ný speki, og engin speki yfirleitt. Öll lönd heims eru byggileg mönnum, ef þar er vatn, gróður og dýralíf, og það er víðast. Kalt veðurfar ræður hér engum úrslitum. Dómur um það hvort land er byggilegt eða ekki fer algjörlega eftir því við hvaða stig verkmenningar á að lifa og hversu hátt þjóðfélagið stefnir.

Nú er tæknivæðing og vísindapekking tuttugustu aldar komin til sögu, og vér eigum hlutdeild í hvoru tveggja. Þetta hefur fært oss í hendur áður óþekkt vald yfir náttúrunni, til að hagnýta kosti hennar og vinna bug á því mótdræga, og gjörbreytt öllum hugmyndum og dómum um hvað sé byggilegt land og hvað ekki. Sú sannleiksögn sem þó leyndist í þeim orðum að Ísland væri á mörkum hins byggilega og óbyggilega á jörðinni, er nú að engu orðin, af því að vér ráðum nú yfir þessum nútíma úrræðum. Hið kalda ár 1979, sem illa lék íslenskan landbúnað og hefði fyrr á tíð getað valdið harðindum og jafnvel hungursneyð, var að vísu þungt í skauti, en þó var það ekki verra en þetta, og á hinn bóginn var það svo til sjávarins gott ár og gjöfult. Vér höfum fengið að sjá í skýru ljósi hvernig véltækni og vísindapekking hafa gert alla nýtingu lífsbjargarmöguleika fyrr og nú ósambærilega.

En áminning er þetta ár eigi að síður. Nú höfum vér sett oss þjóðfélagsleg markmið sem eru önnur og metnaðarfullri en nokurn gat órað fyrir til skamms tíma. Vér viljum ekki að hérlandsmenn búi við skarðari hlut en nágrannar vorir. Þetta er að stefna hátt og svo á að vera. En sú spurning virðist leynast í hugskoti manna og kemur stundum upp á yfirborðið, hvort landið og landkostirnir rísi undir þessari stefnumörkun, hvort Ísland sé þess yfirleitt megnugt að veita börnum sínum allt til alls eins og best gerist í heiminum. Mennta velta því fyrir sér hvort landið eigi sína sök á þeim efnahagsþrengingum, sem hér virðast vera orðnar landlægar, hvort vér lifum um möguleika landsins fram. Annað sem bent gæti til nokkurrar vantrúar á landið er brottflutningur fólks, sem nú er sagður meiri en verið hefur um alllangt skeið og meiri en eðlilegt er og alltaf hefur verið. Sagt er menn leiti til hlýrri og sólríkari landa og þó einkum þeirra þar sem minna þurfi á sig að leggja til að ná því stigi lífsgæða sem menn gera sig ánægða með. Mikið er til unnið ef menn afsala sér ættlandi sínu fyrir sig og börn sín, og það gera menn yfirleitt ekki með glöðu gleði. Þess vegna er þetta íhugunarefni.

Ekki virðist það líklegt að efnahagsvandann og brottflutning, ef verulegt orð er á honum gerandi, megi beinlínis rekja til ónógra kosta landsins, þó að ár verði misjöfn. Hitt er heldur, að margir virðast nú þeirrar skoðunar að mannkynið allt geti ekki vænst batnandi hags frá því sem nú er eða megi jafnvel búast við að harðni á dalnum á komandi tíð, af því að ýmsar auðlindir jarðar hljóti að ganga til þurrðar áður en langir tímar líða. Augljóst er að margar þjóðir eiga nú við vandamál að stríða sem eru næsta keimlík vandamálum vorum og búa þær þó í gamalgrónum frjósömum löndum. Ísland er aftur á móti norðlægt land og nokkuð hart í skapi. En það býr yfir stórkostlegum lífgefandi eiginleikum, sem sum lönd önnur skortir hvað tilfinnanlegast, dýrmætustu auðuppsprettur þess eru allar endurnýjanlegar og óþrjótandi ef rétt er á haldið. Það er þetta sem sköpum skiptir og veldur því að í samanburði við marga aðra höfum vér fulla ástæðu til að horfa með bjartsýni til framtíðarinnar.

Hvað veldur þá þeim þrengingum sem vér erum í og ekki sér fram úr í bili? Því fer sem betur fer fjarri að íslenska þjóðin sé í einhverjum helgreipum, þótt menn tali áhyggjusamlega þessa dagana. En vera má að á leið vorri frá fátækt til bjargálna eða vel það höfum vér hraðað oss um of, asinn verið helst til mikill. Ef svo er og vér horfumst nú í augu við eftirköstin, þá eigum vér að vísu málsbætur. Svo lengi hafði þessi þjóð þurft að bíða síns vitjunartíma, vera öskubuska meðal þjóða. Og þarflaust er að gleyma því, þegar oss finnst öndvert blása, að á Íslandi hefur mikið ævintýri gerst á einum eða tveimur mannsöldrum. Það vildi ég einkum brýna fyrir hinni ungu kynslóð að láta sér ekki yfirsjást, því að hún hefur ekki nema að litlu leyti horft á þetta ævintýri gerast og því ekki víst að hún meti það að verðleikum. Á þessu ævintýri á að verða gott framhald, á þann veg að allir íslenskir menn vilji og geti tekið þátt í því. Engin ástæða er til að efast um að svo megi verða og muni verða, og má ekki láta villa sér sýn á þessum nýjársdegi, þó að óvíst sé um taumhaldið í svipinn. Slíkt hefur oft komið fyrir áður, og úr verður að rætast og mun rætast, það má af reynslunni ráða, og það er staðföst von vor allra, í trú á landið, trú á atorku, vit og giftu þjóðarinnar og þeirra manna sem hún hefur trúað fyrir forustu um málefni sín.

Góðir landsmenn.

Langt er nú liðið á þriðja kjörtímabil mitt. Það er áreiðanlega á vitorði flestra, að ég hef fyrir allöngu gert það upp við sjálfan mig að bjóða mig ekki oft fram til að gegna embætti forseta Íslands. Fyrir nokkrum mánuðum skýrði ég

forsætisráðherra sem þá var, frá ákvörðun minni, svo og formönnum allra stjórnmalaflokka, enn fremur nýlega núverandi ríkisstjórn. Og nú skýri ég yður öllum frá þessu opinberlega, staðfesti það sem fáum mun koma á óvart. Ég neita því ekki að ég hefði óskað að sitthvað hefði verið í fastari skorðum í þjóðlífinu, nú þegar ég tilkynni þetta til þess að enginn þurfi að velkjast í vafa. En stundarástand getur ekki breytt því sem þegar er fastákveðið. Sjálfur tel ég að tólf ár séu eðlilegur og jafnvel æskilegur tími í þessu embætti og er það drjúgur spölur í starfsævi manns. Og enginn hefur gott af því að komast á það stig að fara að ímynda sér að hann sé ómissandi. Ýmsar persónulegar ástæður valda því að ég æski þess ekki að lengja þennan tíma, þótt ég ætti þess kost.

En þetta er ekki kveðjustund. Enn er nokkuð langt til stefnu. Seinna kann að verða tækifæri til að kveðja og þakka fyrir góðar samvistir. En í dag þakka ég samfylgdina á liðnu ári hrærðum huga. Nú höldum vér öll til móts við hið nýja ár og leitum hamingjunnar hvert eftir sínum leiðum. Vér skulum hefja gönguna undir merkjum góðrar vonar, hvert fyrir sig og sína, og öll sameiginlega fyrir land vort og þjóð.

Gleðilegt nýjár.